

Fundur haldinn í fræðslunefnd Húnavatnshrepps
að Húnavöllum miðvikudaginn 9. júní 2010 kl. 20:30.

Ægir bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Mæting skv. undirskriftum. Á dagskrá eru málefni leikskólans, ráðning deildarstjóra að Vallabóli og önnur mál.

Tvær umsóknir bárust. Umsækjendur eru:

Þórunn Ragnarsdóttir leikskólakennari.

Therése Möller grunnskólakennari.

Fræðslunefnd mælir með ráðningu Þórunnar Ragnarsdóttur.

Formaður fræðslunefndar, Jóhanna leikskólastjóri og fræðslustjóri Guðjón Ólafsson hafa gert könnun meðal aðstoðarleikskólastjóra á Barnabæ Blönduósi og deildarstjóra Vallabóls að Húnavöllum varðandi útkomu á samnýtingu leikskólastjóra á Blönduósi og Húnavöllum. Virðist þetta hafa komið vel út og stendur til að halda þessu samstarfi áfram.

Fram kom hjá Ingu deildarstjóra að laga þarf leikskólalóðina, t.d. er uppspretta á einum stað og rólur eru ekki á sléttu undirlagi, útilýsing er ekki komin og plan ófrágengið. Einnig kom fram að ennþá vantar millihurðir á milli deilda, pumpu vantar á útihurð á fataklefan. Lekavandamál hafa gert vart við sig og er það í athugun. Fræðslunefnd leggur áherslu á að farið verði í lagfæringar á ofangreindum atriðum og telur tilvalið að nýta sumarlokun til þess arna.

Jóhanna lýsti áhuga sínum á að halda áfram og efla enn frekar samstarf á Blönduósi og Húnavöllum næsta skólaár.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og formaður þakkaði gott samstarf og sleit fundi.

Þóra Sverrisdóttir (sign)

Ægir Sigurgeirsson (sign)

Eline Schrijver (sign)

Kristín Rós Sigurðardóttir (sign)

Jóhanna G. Jónasdóttir (sign)

Ingibjörg Jónsdóttir (sign)

Pétur Pétursson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.